

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarráð ávísí því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

50. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum það. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Bæjarritari hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarins og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra, þar á meðal innheimtu tekna bæjarins.

VIII. KAFLI.

Starfsmenn bæjarins.

51. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn bæjarins og bæjarstofnana og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Lausar stöður skal auglýsa til umsóknar nema bæjarstjórn ákveði annað, en bæjarstjóri ákveður um slíkar auglýsingar að öðru leyti, þar á meðal hvernig auglýsa skuli.

Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda við ráðningu í stöður hjá bæjarfélaginu svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Bæjarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 frá 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin Samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ólafsfjarðarkaupstaðar nr. 229 25. september 1964.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Ólafsfirði.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, geita, sauðfjár og alifugla) er óheimilt innan afgirts, skipulagðs bæjarlands Ólafsfjarðarkaupstaðar.

2. gr.

Bæjarstjórn skal láta gera búfjárhelda girðingu umhverfis byggð í bæjarlandi og skipuleggja landssvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka.

3. gr.

Um meðferð mála út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 frá 23. maí 1964, um húsfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum til þess að öðlast gildi frá 1. október 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

27. ágúst 1979.

Nr. 362.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 9.17% frá 1. september 1979 frá því sem þær voru í ágúst 1979. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 27. ágúst 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

20. ágúst 1979.

Nr. 363.

GJALDSKRÁ**fyrir heimilishjálp og heimilisþjónustu í Reykjavík.**

1. gr.

Fyrir heimilishjálp og heimilisþjónustu fyrir aldraða skal greiða gjald, sem nemur hálfu tímakaupi, samkvæmt samningum Starfsmannafélagsins Sóknar fyrir hverja unna vinnustund miðað við laun og orlof.

Gjald reiknast ársfjórðungslega 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember og skal standa á hálfum og heilum tug.

2. gr.

Þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri, skulu undanþegnir greiðsluskyldu, sbr. ákvæði 11. gr. reglugerðar um heimilisþjónustu fyrir aldraða.

Með ellilífeyri er hér átt við ellilífeyri, uppþætur þ. m. t. tekjutrygging og heimilisuppbót frá Tryggingastofnun ríkisins.

Ellilífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald eftir heimilisþjónustu en sem nemur tekjum umfram ellilífeyri, eins og hann er skilgreindur hér.